

13. janúar 1976.

23

Nr. 20.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 73 26. apríl 1971.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

30. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Neskaupstaðar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar 30—44 falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 45—52 verði 30—37.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 272 5. okt. 1972 um breytingu á reglugerð nr. 73 26. apríl 1971.

Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. janúar 1976.

Nr. 21.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Neskaupstað.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.